

## FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR KVÍKU BANKA HF.

7. september 2021

Þriðjudaginn 7. september 2021, kl. 16:00, var haldinn hluthafafundur í Kvíku banka hf., kt. 540502-2930 („bankinn“ eða „félagið“) á starfsstöð félagsins að Katrínartúni 2, 9. hæð, 105 Reykjavík.

Stjórnarformaður bankans, Sigurður Hannesson, setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Stjórnarformaður lagði til að Lilja Jensen, yfirlögfræðingur félagsins myndi gegna hlutverki fundarstjóra. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lagði til að Fanney Finnsdóttir lögfræðingur yrði fundarritari. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Hlutaskrá félagsins lá fyrir á fundinum og samkvæmt henni var mætt fyrir 23,22% hluthafa, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra. Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög um hlutafélög nr. 2/1995 og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans að öðru leyti. Úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmatan og bærán til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá fundarins voru.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

1. Kosning eins aðalmanns og eins varamanns í stjórn félagsins.
2. Önnur mál.

Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

### 1. Kosning eins aðalmanns og eins varamanns í stjórn félagsins

Fundarstjóri rakti að samkvæmt samþykktum félagsins væri stjórn skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Frá aðalfundi félagsins í apríl sl. hefur einn aðalmaður og einn varamaður sagt sig frá störfum og var því boðað til þessa hluthafafundar til þess að kjósa einn aðalman og einn varamann í stjórn félagsins í samræmi við 2. mgr. 64. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Fundarstjóri upplýsti að ein tilkynning hafi borist um framboð til setu sem aðalmaður í stjórn félagsins fyrir fundinn og ein tilkynning um framboð til setu sem varamaður í stjórn. Upplýsingar um frambjóðendur hafa legið fyrir hluthöfum til sýnis frá fundarboðsdegi og einnig verið aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Þá var upplýst að stjórn hafi yfirfarið framboðstilkynningarnar, sem bárust báðar innan framboðsfrests, og úrskurðað að framkomin framboð væru lögmat og báðir frambjóðendur væru kjörgengir til stjórnar á fundinum, sbr. 3. mgr. 63. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Til setu sem aðalmaður í stjórn hefur Ingunn Svala Leifsdóttir, kt. 030376-5369, boðið sig fram.

Fundarstjóri bar það undir hluthafa hvort þeir væru samþykkt að Ingunn Svala Leifsdóttir yrði kjörin aðalmaður í stjórn félagsins. Hluthafar samþykktu það með öllum greiddum atkvæðum sem farið var með á fundinum.

Til setu sem varamaður í stjórn hefur Helga Jóhanna Oddsdóttir, kt. 040773-3209, boðið sig fram.

Fundarstjóri bar það undir hluthafa hvort þeir væru samþykkt að Helga Jóhanna Oddsdóttir yrði kjörin varamaður í stjórn félagsins. Hluthafar samþykktu það með öllum greiddum atkvæðum sem farið var með á fundinum.

Ingunn Svala Leifsdóttir er því réttkjörin sem aðalmaður í stjórn félagsins og Helga Jóhanna Oddsdóttir sem varamaður í stjórn félagsins til næsta aðalfundar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

## 2. Önnur mál

Önnur mál lágu ekki fyrir fundinum.

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls undir þessum lið.

## FUNDARGERÐ OG FUNDARSLIT

Fundarritara og fundarstjóra var falið að ganga frá fundargerð fundarins að loknum fundi og annast nauðsynlegar tilkynningar. Fundargerðin verður birt á heimasíðu félagsins að því frágengnu en jafnframt verður hún aðgengileg á skrifstofu félagsins. Engar athugasemdir bárust.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:15.

Til staðfestingar á framangreindu er fundargerðin undirrituð af fundarstjóra og fundarritara rafrænt. Rafræn undirritun jafngildir skriflegri undirritun skv. lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019.

Lilja Jensen, fundarstjóri

Fanney Finnsdóttir, fundarritari

[Undirritunarsíða fylgir]

# Undirritunarsíða

Fanney Finnsdóttir

Lilja Rut Jensen